

Ed.

175. Frumvarp

til laga um áfengissjóð.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Sjóð skal stofna til að vinna á móti áfengisbölinu á Íslandi, með 20% af því fje, sem landssjóði áskotnast árlega fyrir áfengi. Sjóður þessi nefnist áfengissjóður.

2. gr.

Stjórn áfengissjóðsins skipa þrjú menn: tveir, sem sameinað Alþingi kys með hluthundnum kosningum til tveggja ára í senn, og gedveikralæknir landsins þriðji maður. Stjórn sjóðsins starfar endurgjaldslaust. Ef fjárhagur sjóðsins leyfir og þörf þykir, getur stjórnin ráðið framkvæmdarstjóra til 2 ára í senn, er hefir á hendi framkvæmdir fyrir hennar hönd.

3. gr.

Stjórn áfengissjóðsins má verja af árlegum tekjum hans til bindindisstarfsemi, hverju nafni sem nefnist, til fyrirlestra og ritgerða um áfengismálið, til rannsókna á erlendri áfengislöggjöf, til að undirbúa endurbætur á íslensku áfengislöggjöfinni, til að lækna ofdrykkjumenn og koma á fót heppilegu sjúkra-skýli og hvíldarhæli fyrir þá.

4. gr.

Nákvæma skýrslu um öll útgjöld áfengissjóðs skal birta árlega í landsreikningunum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nátengt frumvarpinu um meðferð á því fje, sem landssjóði áskotnast fyrir áfengi. Jafnframt því að löggjafarvaldið telur sig neytt til að gera áfengisverslun löglega í landinu, þykir sennilegt, að reynt verði að hamla á móti menningarskemdum þeim, er leiða af þessari breytingu. Í framsögu verður nánar gerð grein fyrir efni frumvarpsins.